

1873.

15. apríl.

sem stíptamtmaður yfir Íslandi, tekið það fram, að þér yrðuð að álíta það æskilegt, að hafa, eins og á fyrirfarandi árum, dýralækni í suðurumdæminu, — en þar verður eigi sagt, að fjárkláðinn sé enn með öllu upprættur, þótt hann gjöri lítið vart við sig og að eins stingi sér niður á einstöku stað — og hafið þér, með því jafnaðarsjóður suðuramtsins eigi fremur nú en áður geti staðizt kostnaðinn við þetta án tillags úr landssjóðnum, stungið uppá, eftir að þér hafið borið yður saman við amtmann Berg Thorberg, sem 1. þ. m. hefir tekið við suðuramtinu, að veittir verði jafnaðarsjóði suðuramtsins 200 rd. til styrks af því fè, sem ákveðið er til óvissra útgjalda fyrir Ísland á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, til launa handa dýralækni frá 1. maí til 31. desbr.

Út af þessu gefum vér yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, og segið landfógeta fyrir eins og með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

16. apríl.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um póstsendingar með herskipinu Fylla.

Til samlags við bréf dómsmálastjórnarinnar 2. þ. m. gefst yður til vitundar, að sjóliðsstjórnin hefir svarað brèfi dómsmálastjórnarinnar 20. f. m., sem vér sendum yður endurrit af, á þá leið, að skipstjóranum á skonnortuskipinu Fylla sé sagt svo fyrir, að hann skuli á meðan hann sé við Ísland, þá er hann komi við land, birta það fyrirfram, að svo miklu leyti því verður við komið, hvenær hann fari frá einum stað til annars, svo menn geti komið póstsendingum með skipinu, of menn æskja þess.